



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarnefnd

Efni: Breyting á reglum um fjárhagsaðstoð í Mosfellsbæ

Dags: 18.apríl 2023

Málsnúmer: 202012339/10.3

Sendandi: Kristbjörg Hjaltadóttir, stjórnandi félagsþjónustu og Sigurbjörg Fjölnisdóttir, framkvæmdastjóri velferðarsviðs

Tillaga

Lagt er til að velferðarnefnd samþykki meðfylgjandi drög að breytingum á reglum Mosfellsbæjar um fjárhagsaðstoð.

Greinargerð

Núverandi reglur um fjárhagsaðstoð voru samþykktar 2021. Þær breytingar sem nú eru lagðar til gerðar til að skýra vinnulag, uppfæra og bæta við þeim liðum sem þurfa þykir við vinnslu umsókna í fjárhagsaðstoð.

Í meðfylgjandi drögum að breytingum á reglunum má sjá allar þær breytingar sem lagðar eru til að gerðar verði. Margar þeirra breytinga eru tengdar orðalagi, og til að skerpa á vinnulagi en að auki bætist við ein ný grein, sem er 15. gr. Þær breytingar eru til samræmis við reglur annarra sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- 7. gr., 7. og 8. tölul.: Felldur út texti þar sem vísað er í að krafa sé á einstaklingum sem sækja um fjárhagsaðstoð að mæta við fyrstu umsókn í viðtal til félagsráðgjafa og því breytt í þriðju umsókn og eftir það beri umsækjanda að sækja regluleg viðtöl til félagsráðgjafa. Er þetta gert til að fanga þann hóp betur sem þarfnast umfangsmeiri félagslegrar ráðgjafar og er á fjárhagsaðstoð til lengri tíma. Að sama skapi verður ekki til sú krafa á umsækjendur um fjárhagsaðstoð til skemmri tíma að mæta í viðtal.
- 14. gr E liður: Heimild til að veita lán til tryggingar húsaleigu breytt í heimild til að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu.
- 15. gr: Nýrri grein bætt við meðal annars til að auka heimildir til að samþykkja fjárhagsaðstoð og styrki samkvæmt leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks. Er hér um að ræða aðstoð sem er endurgreidd í flestum tilfellum af ríkinu og því ekki um kostnaðarauka að ræða.

Virðingarfyllt,

Kristbjörg Hjaltadóttir og
Sigurbjörg Fjölnisdóttir